



Borgarráð

Afturköllun viljayfirlýsingar - Hekloreitur og Suður-Mjódd

Óskað er eftir að borgarráð samþykki hjálögð drög að afturköllun viljayfirlýsingar, ásamt viðauka við hana, dags. 3. maí 2017, um samstarf milli Reykjavíkurborgar - eignasjóðs og Heklu hf. vegna fyrirhugaðs flutnings Heklu hf. í Suður-Mjódd og þróun lóða félagsins við Laugaveg og Brautarholt samhliða flutningi á starfsemi þess og feli borgarlögmanni að senda tilkynningu um afturköllun með sannanlegum hætti.

Í 4. gr. viljayfirlýsingarinnar er að finna heimild til handa Reykjavíkurborg til að afturkalla einhliða viljayfirlýsinguna hafi skipulagsáætlanir ekki verið samþykktar á reitunum sem hún tekur til og skilgreind ákvæði um uppbyggingarhraða í Suður-Mjódd innan tveggja ára frá undirritun viljayfirlýsingarinnar.

Með vísan til þess að skipulagsáætlanir hafa ekki verið samþykktar fyrir lóðir Heklu hf. að Laugavegi og Brautarholti og þar sem aðilar hafa ekki skilgreint ákvæði um uppbyggingarhraða í Suður- Mjódd innan tilvitnaðs frests eru skilyrði einhliða afturköllunar viljayfirlýsingar, ásamt viðauka, við hana uppfyllt í málinu.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:
Afturköllun viljayfirlýsingar - drög.

Efni: Tilkynning - Afturköllun viljayfirlýsingar, dags. 3. maí 2017, ásamt viðauka.

Hinn 3. maí 2017 gerðu Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík, vegna Reykjavíkurborgar - eignasjóðs, kt. 570480-0149, og Hekla hf., kt. 600169-5139, Laugavegi 170-174, 105 Reykjavík, með sér viljayfirlýsingu um samstarf vegna fyrirhugaðs flutnings Heklu hf. í Suður-Mjódd og þróun lóða félagsins við Laugaveg og Brautarholt samhliða flutningi á starfsemi þess. Samdægurs undirrituðu sömu aðilar viðauka við viljayfirlýsinguna, þess efnis að þeir væru ásáttir um að fyrst yrði unnin deiliskipulagstillaga fyrir lóð í Suður-Mjódd að stærð 20.000 m² og að samhliða breytingum á aðalskipulagi yrði unnin breytingartillaga við deiliskipulagið þar sem lóðin yrði stækkuð um 4.000 m². Umrædd viljayfirlýsing og viðauki við hana voru gerð á grundvelli samþykktar borgarstjórnar Reykjavíkur frá 7. febrúar 2017.

Samkvæmt tilvitnaðri viljayfirlýsingu sammæltust aðilar um að breyta þeim skipulagsáætlunum er í gildi voru, þ.e. bæði deili- og aðalskipulagi og að koma sér saman um sameiginlega samræmda tímaáætlun vegna vinnu við endurskoðun deiliskipulags beggja framangreindra reita, sbr. 1., 2. og 3. gr. hennar.

Í 4. gr. viljayfirlýsingarinnar er að finna heimild til handa Reykjavíkurborg til þess að afturkalla einhliða yfirlýsinguna hafi endurskoðaðar skipulagsáætlanir fyrir reitina ekki verið samþykktar og skilgreind ákvæði um uppbyggingarhraða í Suður-Mjódd innan tveggja ára frá undirskrift viljayfirlýsingarinnar. Í 4. gr. kemur einnig fram að við afturköllun falli niður skyldur beggja aðila samkvæmt viljayfirlýsingunni.

Breyting á deiliskipulagi vegna lóðarinnar Álfabakka 4 í Suður-Mjódd var samþykkt á fundi borgarráðs hinn 25. október 2018 og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda hinn 3. desember 2018. Á hinn bóginn hafa ekki verið samþykktar breyttar skipulagsáætlanir fyrir lóðir Heklu hf. að Laugavegi og Brautarholti og þá hafa aðilar ekki skilgreint ákvæði um uppbyggingarhraða í Suður-Mjódd.

Í ljósi þess að ekki hafa verið samþykktar breyttar skipulagsáætlanir fyrir lóðir Heklu hf. að Laugavegi og Brautarholti og af því að ekki hafa verið skilgreind ákvæði um uppbyggingarhraða í Suður-Mjódd innan tveggja ára frá undirritun viljayfirlýsingar aðila, tilkynnist hér með að Reykjavíkurborg hefur ákveðið að afturkalla umrædda viljayfirlýsingu, ásamt viðauka við hana, dags. 3. maí 2017, með vísan til heimildar í 4. gr. viljayfirlýsingarinnar. Allar skyldur aðila samkvæmt viljayfirlýsingunni og viðauka við hana eru því fallnar niður.

F.h. Reykjavíkurborgar,

Ebba Schram
borgarlögmaður